

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2013

1. KVH

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga hefur þann tilgang fyrst og fremst að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjara- og réttindamálum. KVH fer með samningamál fyrir hönd sinna félagsmanna gangvart ríki, sveitarfélögum og almennum markaði.

Félagið er eitt af 26 aðildarfélögum Bandalags háskólamanna.

Stjórn félagsins

Eftirtaldir skipa stjórn félagsins:

Birgir Guðjónsson, formaður
Ragnheiður Ragnarsdóttir, ritari
Ársæll Baldursson, gjaldkeri
Helga Sigurðardóttir, meðstjórnandi
Helgi Þór Jónasson, meðstjórnandi

Varamenn eru: Björn Bjarnason, Hjálmar Kjartansson og Sigríður Svavarsdóttir. Skoðunarmenn reikninga eru: Jóngeir Hlinason og Halla S. Sigurðardóttir.

Á starfsárinu voru haldnir 20 **stjórnarfundir**. Þar var fjallað um réttinda- og kjaramál og önnur hagsmunamál félagsmanna. Einnig voru haldnir tveir fundir þar sem samninganefnd félagsins kom saman og farið var yfir helstu málefni á döfinni. Ennfremur tóku stjórnarmenn þátt í ýmsum nefndum á vegum BHM, undirbúningsfundum vegna kjaramála ásamt kynningum til námsmanna. Formaður félagsins sat einnig fjölmarga fundi formannaráðs BHM.

Í byrjun janúar 2013 tók **þjónustuskrifstofa KVH** til starfa og framkvæmdastjóri var ráðinn í nýtt starf hjá félaginu. Í starfið var ráðinn Hallur Páll Jónsson og hóf hann störf þann 1.febrúar 2013. Einnig var ráðin starfsmaður til félagsins í 60% starf, Karen Ósk Pétursdóttir viðskiptafræðingur, og hún hóf störf þann 23.september. Þegar horft er yfir fyrsta starfsárið með núverandi skipulag skrifstofunnar þá er hægt að fullyrða að vel hefur tekist til og núverandi skipulag er komið til að vera. Fjölmörg verkefni hafa verið framkvæmd á starfsárinu sem eru félaginu til framdráttar og bera þess merki að starfið hefur orðið skilvirkara og markvissara með sjálfstæða skrifstofu. Segja má að það sem vanti hjá félaginu í dag sé stærra húsnæði, en starfsfólk skrifstofunnar samnýtir í dag litla skrifstofu. Starfsfólk verður því að nýta fundarherbergi fyrir framan skrifstofu sem eru varla boðleg fyrir trúnaðarsamtöl og hvorki hljóðeinangruð né loftræst. Þá eru stærri fundarherbergi BHM iðulega frátekin enda mörg aðildarfélög að nýta sama húsnæðið. Einnig hefur skortur á bílastæðum við húsnæði BHM valdið vandkvæðum þegar félagsmenn aðildarfélaga eru boðaðir til funda. Ljóst er að BHM verður því að marka sér stefnu varðandi húsnæðismál á komandi misserum.

Fjárhagslegt **lokauppgjör** var gert við Huggarð þjónustuskrifstofu í janúar 2013 með greiðslu til KVH sem nam kr.537 þúsund.

Mun markvissari starfsemi og vinnubrögð hafa komið til á árinu 2013 með því að reka eigin þjónustu skrifstofu, eins og áður segir. Þá hefur stjórn félagsins lagt á það áherslu að stofnanasamningar við ríkisstofnanir séu nú gerðir fyrir félagsmenn án aðkomu annarra stéttarféлага, þar sem hagsmunum KVH félaga er yfirleitt betur borgið þannig. Aukið **samstarf við námsmannafélög** háskólanna í Reykjavík og á Akureyri og kynningar til námsmanna hafa skilað auknum árangri, m.a. með fjölgun á nýjum félagsmönnum með námsmannaaðild.

Ný heimasíða KVH var formlega opnuð á aðalfundi 2013. Í framhaldi var heimasíðan fullgerð um sumarið með ítarlegri upplýsingum ásamt því að hægt er að skoða hana í spjaldtölvum og farsímum. Heimsóknir á síðuna eru mældar og hefur verið stöðug aukning frá opnun síðunnar. Frá apríl 2013 til loka febrúar s.l. heimsóttu 4.272 einstaklingar síðuna, einstaka heimsóknir voru rúmlega 7.700 og innlit á síður rúmlega 23 þúsund. Að meðaltali hafa um 1.000 aðilar heimsótt síðuna á mánuði það sem af er árinu 2014. „**Facebook**“ **síða KVH** var opnuð í október sem eflir enn frekar samskiptamöguleika og kynningu til námsmanna og félagsmanna.

Nýr bæklingur KVH sem var gefin út í byrjun árs 2013 var endurgerður í febrúar 2014 og lagaður að útliti heimasíðu félagsins. Í bæklingnum er víðtæk kynning á félaginu og sjóðum BHM. Bæklingurinn er nauðsynlegur miðill í markaðs- og kynningastarfi á komandi misserum.

Skrifstofa KVH byrjaði á því s.l. haust að senda út **rafrænt fréttabréf** til félagsmanna, með helstu tíðindi samandregin og kemur þetta til viðbótar við fréttir á vefsíðu félagsins. Fréttabréfin eru orðin fjögur og hafa viðbrögð við fréttabréfinu verið jákvæð.

Lagabreytinganefnd lauk störfum í febrúar eftir talsverða vinnu. Komin var tími á heilstæða breytingu á lögum félagsins en þessar breytingar verða lagðar fram á þessum aðalfundi undir sérstökum dagskrárlíð.

Félagið var rekið með hagnaði starfsárið 2013. Mikil fjölgun félagsmanna hefur verið síðustu tvö ár og þá sérstaklega frá fyrirtækjum á almennum markaði. Félagið hefur sniðið sér stakk eftir vexti en verkefni sem kosta fjármuni eru fjölmörg. Fyrirhugað er að auka starfshlutfall fulltrúa í fullt starf frá og með 1.júní 2014. Er þá skrifstofa KVH komin með tvo starfsmenn í fullt starf.

Félagsmenn og kynningar

Félagið tók þátt í **kjarakönnun BHM** í mars/apríl 2013. Þátttaka félagsmanna var mjög góð en svör bárust frá 517 félagsmönnum og heildarþátttaka BHM félaga var tæplega 59% sem er verulega góður árangur og vakti athygli. Könnunin er í heild sinni aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Þessa dagana stendur yfir kjarakönnun BHM 2014. Allir félagsmenn eru hvattir til þess að taka þátt í þessari könnun. Búið er að ákveða að árleg kjarakönnun verður fastur liður í starfsemi BHM og aðildarféлага þess.

Stjórn félagsins ákvað s.l. haust að greiða **framlag í sjóði BHM** fyrir þá félagsmenn sem eru tímabundið **atvinnuleitendur** og greiða félagsgjöld til KVH, til að þeir viðhaldi réttindum sínum í sameiginlegum sjóðum. Þetta er nýmæli, en um er að ræða Orlofs sjóð

BHM, Styrktarsjóð BHM, Sjúkrasjóð BHM og Starfsmenntunarsjóð BHM, en greiðslur fyrir hvern og einn renna að minnsta kosti í tvo af þessum sjóðum. Í tengslum við þetta samþykkti Sjúkrasjóður BHM að heimilt væri að greiða til sjóðsins fyrir þá félagsmenn sem eru atvinnulausir strax eftir útskrift og hafa ekki myndað rétt.

Fjöldi viðskiptafræðinga sem eru atvinnuleitendur og greiða jafnframt félagsgjald til KVH var nú í febrúar s.l. 17, en alls voru á sama tíma 254 viðskiptafræðingar og 33 hagfræðingar á atvinnuleysisrá skv. tölum Vinnumálastofnunar, sem er svipaður fjöldi og í júní 2012.

Jafnframt samþykkti Starfsmenntunarsjóður BHM erindi félagsins um að lengja tímabil réttar fyrir atvinnulausa félagsmenn til að sækja um styrk til sjóðsins, úr 12 mánuðum frá upphafi atvinnuleysis í allt að 3 ár, sé greitt iðgjald til sjóðsins.

Þá sendi stjórn KVH einnig tillögu til Starfsmenntunarsjóðs BHM þess efnis að ávinnslutími fyrir nýja sjóðfélaga yrði stytur um allt að helming, en hann hefur verið eitt ár.

Úttekt var gerð að beiðni félagsins á **sameiginlegum sjóðum BHM** með samanburð við sjóði Verslunarmannafélags Reykjavíkur (VR). Niðurstaðan var í stórum dráttum sú að Sjúkrasjóður BHM býður uppá töluvert betri réttindi en samanburðarsjóðir, réttindi í Starfsmenntunarsjóði BHM eru einnig töluvert betri sé horft til upphæðar styrkja og styrkhæfni verkefna. Þá geta félagsmenn í KVH sem vinna á almennum markaði samið við vinnuveitanda um aðild að Starfsþróunarsetri háskólamanna, sem gefur BHM mikið forskot þegar horft er til getu félagsins til að styrkja sína félagsmenn vegna sí- og endurmenntunar.

Félagið hefur fengið lögfræðing félagsins til að vinna staðlaða uppsetningu kröfulýsingar vegna **launakrafna í protabú** fyrirtækja á almennum markaði. Þetta er ný og nauðsynleg þjónusta KVH fyrir félagsmenn á almennum markaði þar sem ávallt er eitthvað um gjaldprot fyrirtækja og mikilvægt að aðstoða félagsmenn í þessum efnum.


Félagsmönnum hefur fjölgað talsvert síðastliðin ár. Ef miðað er við nóvember mánuð þá voru greiðandi félagsmenn KVH í nóvember 2013 alls 1.019. Á sama tíma árið áður voru þeir 893.

Fjöldi félagsmanna sem greiddi til félagsins árið 2013 til KVH var **1.092** (í stað 926 árið áður) þar af voru 796 sem greiddu alla 12 mánuði ársins (en 699 árið áður). Ef teknir eru með þeir félagsmenn sem bæst hafa við síðustu tæpa 4 mánuði, má leiða líkum að því að greiðandi félagsmenn séu nú orðir **1.066**. Því til viðbótar eru skráðir félagar með námsmannaaðild orðnir **43**.

Hlutfall kynja er þannig að konur eru nú um **57%** félagsmanna en karlar 43%, og hefur hlutur kvenna farið vaxandi. **Meðalaldur** greiðandi félagsmanna er nú 44 ár.

Ef litið er á skiptingu félagsmanna eftir því hvar á vinnumarkaðinum þeir starfa þá er skiptingin þessi: **50%** starfa hjá ríkisstofnunum, **32%** starfa á almenna vinnumarkaðinum, **7%** vinna hjá sveitarfélögum og **5%** starfar hjá Reykjavíkurborg. Þá teljast námsmenn með aðild að félaginu vera um **4%**, en atvinnuleitendur um **1%**.


Tafla 1: Fjöldi félagsmanna



Það er stefna stjórnarinnar að efla félagið og kynna starfsemi þess. Gera þarf áttak í að sækja fleiri félagsmenn til almenna markaðarins, en talið er að viðskiptafræði- og hagfræðimenntaðir á Íslandi séu á milli 9-10 þús talsins. Frá og með vori 2014 er stefnt að því að kynna félagið fyrir stærri fyrirtækjum á almennum markaði.

Fjölgun félagsmanna er mjög æskileg því styrkurinn felst ekki síst í stærðinni. Með þetta að leiðarljósi höfum við horft til háskólanna eins og áður segir. Á starfsárinu voru haldnar kynningar/vísindaferðir fyrir viðskiptafræði- og hagfræðinema við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Ennfremur var haldin kynning í fyrsta skipti fyrir nema við Háskólann á Akureyri, sem tókst afar vel. Það er orðinn árlegur viðburður að taka á móti háskólanemum og fræða þá um starfsemi félagsins og BHM. Þá má geta að undanfarin ár hefur KVH einnig tekið þátt í Framadögum háskólafélks. Á þessum kynningum er námsmannaaðild félagsins kynnt sérstaklega. Verið er að undirbúa enn frekari samstarf við nemendafélög háskólanna, sem vonast er til að skili mun fleiri félagsmönnum þegar til lengri tíma er litið. Fullyrða má að hjá háskólanemendum sé vaxtabroddur félagsins og á komandi árum viljum við sjá stóran hluta þessara nemenda ganga til liðs við KVH.

Tafla 2: Fjölgun félagsmanna



2. Kjaramál og samningar

Undirbúningur félagsins vegna kjarasamninga hófst í október, en að fullum krafti í janúar 2014. Kjarasamningar KVH við Ríkið, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga urðu lausir þann 31.janúar 2014. Þá runnu sömuleiðis út kjarasamningar KVH við Orkuveitu Reykjavíkur, Rarik, Ríkisútvarpið og Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu. Kjarasamningur KVH og annarra aðildarfélaga BHM við Samtök atvinnulífsins er hins vegar ótímabundinn.

Á starfsárinu voru endurnýjaðir stofnanasamningar við Náttúrufræðistofnun Íslands, Framkvæmdasýslu ríkisins, Vinnumálastofnun, Sjúkratryggingar Íslands og Þjóðminjasafnið. Viðræður eru í gangi við Íbúðalánasjóð, Háskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöð og Landlæknisembættið, auk Tollstjóra.

Ljóst er að framundan bíður mikil og tímafrek vinna við gerð nýrra stofnanasamninga við ríkisstofnanir.

3. Launapróun

Skýrsla heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins var gefin út í október 2013 undir nafninu „Í aðdraganda kjarasamninga“. Mikinn fróðleik og talnaupplýsingar er að finna í þessari skýrslu. Félagsmönnum er bent á að kynna sér þetta efni nánar en það má finna á heimasíðu KVH undir hnappinum „skýrslur/fræðsla“. Til fróðleiks er birt hér meðfylgjandi vísitala reglulegra launa í fernum heildarsamtökum og þremur samnings sviðum í nóvember 2006 til maí 2013 og launavísitala Hagstofunnar til samanburðar.

Tafla 3. Vísitala reglulegra launa frá 2006 – 2013

	ASÍ			BHM		BSRB		KÍ		Launa- vísitala
	Sveit	Ríki	Alm.	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Alls
2006	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
2007	105,3	105,6	109,5	109,2	108,7	105,0	108,0	104,0	107,2	108,3
2008	109,4	124,6	116,8	116,2	123,3	110,8	122,6	124,2	123,0	116,7
2009	128,2	127,2	121,5	124,1	124,3	123,8	123,8	129,3	123,5	121,4
2010	131,6	134,5	127,9	126,2	127,0	125,8	130,1	130,8	124,7	127,0
2011	140,4	141,8	137,3	135,4	135,8	133,6	138,1	138,3	134,0	138,5
2012	147,4	149,5	145,2	143,2	143,7	140,2	144,6	144,6	140,2	145,4
2013*	154,5	158,6	151,7	149,7	150,0	146,6	151,5	150,6	145,2	151,7

▪ Maí 2013

Næsta tafla sýnir heildaryfirlit fyrir árið 2013 á meðaltals dagvinnulaunum og heildarlaunum félagsmanna KVH sem starfa hjá ríki án kynjaskiptingar. Meðaltal heildarlauna frá desember 2012 til desember 2013 hefur hækkað um 5,0% eða úr 595 þús í 625 þús. Einnig hefur stöðugildum fjölgað um 3,8 árið 2013 en 2012 nam fjölgun stöðugilda 38,1. Heimild: http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn_rikisins/laun.

Tafla 4. Meðaltals dagvinnulaun og heildarlaun félagsmanna KVH sem starfa hjá ríki.

Mánuður	Stöðugildi	Dagvinnu laun	Yfirvinnu laun	Önnur laun	Heildar laun
201301	488,0	477.847	113.852	727	592.426
201302	490,7	477.255	118.472	222	595.949
201303	488,3	491.952	118.914	768	611.635
201304	485,7	495.254	120.621	26.693	642.568
201305	487,7	497.018	120.653	792	618.463
201306	486,7	497.229	122.617	632	620.478
201307	485,6	498.390	119.021	250	617.661
201308	481,2	500.056	121.842	337	622.235
201309	486,4	501.872	124.009	678	626.559
201310	486,3	503.224	123.549	670	627.443
201311	491,1	504.794	122.221	1.062	628.077
201312	490,3	504.901	125.373	67.009	697.283
Meðatal 2013		495.806	120.928	8.347	625.080

Tafla 5. Heildarlaun hjá ríki 2012 og 2013. Samanburður nokkurra BHM stéttarfélaganna.

Stéttarfélag	Heildarlaun meðaltal 2012	Heildarlaun meðaltal 2013	hækkun milli ára
KVH	595.395	625.080	4,99%
SL	581.411	613.378	5,50%
FHSS	551.851	586.506	6,28%
BHM	514.836	540.044	4,90%
FÍF	511.228	529.323	3,54%
Fræðagarður	486.975	514.889	5,73%
FÍN	480.529	507.240	5,56%

Heimild: http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/starfsmenn_rikisins/kjarasamningar/medallaun.

Aðrir viðsemjendur birta enn sem komið er ekki upplýsingar um meðaltöl launa félagsmanna KVH né gögn um starfshlutföll, þannig að erfitt er að bera saman laun hjá sveitarfélögum og almenna vinnumarkaðinum við ofangreindar tölur um ríkisstarfsmenn. Þó er ljóst af gögnum um félagsgjöld til KVH að laun á almenna vinnumarkaðinum eru nokkru hærri en hjá hinu opinbera og hefur svo verið lengi. Gera má ráð fyrir að gagnavinnsla af þessu tagi skýrist með góðri þátttöku félagsmanna KVH í kjarakönnunum BHM.

4. Atvinnuástand

Samkvæmt útreikningum Vinnumálastofnunar hefur atvinnuleysi á vinnumarkaði frá febrúar 2013 til febrúar 2014, lækkað um 19%. Fjöldi einstaklinga sem voru atvinnulausir á þessu tímabili var 9.166 í febrúar 2013 og hafði lækkað í 7.688 í febrúar 2014. Fjöldi atvinnulausa háskólamenntaða einstaklinga var 1.667 í febrúar 2013 en í febrúar 2014 var atvinnuleysi 1.614. Atvinnuleysi háskólamenntaðra fór því lítilega minnkandi árið 2013 en einnig ber að hafa í huga að háskólar landsins útskrifa ár hvert rúmlega 400 einstaklinga úr viðskiptafræði og hagfræði sem velflestir koma á vinnumarkað.

Fjöldi viðskiptafræðinga sem voru atvinnuleitendur nú í mars 2014 voru 254 og auk þess 33 hagfræðingar skv. tölum Vinnumálastofnunar, sem er svipaður fjöldi og í júní 2012.

5. Verkefni stjórnar KVH 2014-2015

Aukna áherslu þarf að leggja á stofnanasamninga þegar kjarasamningsgerð lýkur. Verði samið til eins árs eða svo í yfirstandandi kjaraviðræðum, þarf undirbúningsvinna fyrir næstu kjarasamningalotu af hefjast næsta haust.

Fyrirhugað er að félagið kanni nánar viðhorf félagsmanna til kjara- og réttindamála með netkönnunum á næsta starfsári.

Vefsíða KVH mun verða áfram í þróun. BHM hefur opnað „Mínar síður“ fyrir félagsmenn aðildarféлага þannig að þeir geti fylgst með umsóknum sínum í sameiginlega sjóði. KVH vill í framhaldi þróa „Mínar síður“ þannig að félagsmenn geti bætt við persónubundnum upplýsingum svo sem starfsheiti, vinnustað, formlegu námi, starfsferli og fleiru, sem að gagni getur komið í þjónustu við félagsmenn.

Nauðsynlegt er að efla trúnaðarmannakerfi félagsins. Skipaðir eða kosnir hafa verið nokkrir nýir trúnaðarmenn á starfsárinu, m.a fyrir félagsmenn á Akureyri og nágrenni. Stefnt er að því að halda trúnaðarmannanámskeið næsta haust. Öflugt trúnaðarmannakerfi er mikilvægt og styrkir starfsemi félagsins á margvíslegan hátt.

Fyrirhugað er að halda námskeið fyrir háskólanema sem eru með námsmannaaðild að KVH. Á þessum námskeiðum verði m.a. fjallað um gerð ferilskráa, ráðningarviðtöl og ráðningarsamninga, hvernig megi semja um laun o.fl. þ.h. Er þetta einn liður í samstarfsverkefnum við námsmannafélög háskólanna.

6. Lokaorð

Í núverandi kjarasamningaviðræðum gerðu aðildarfélag BHM með sér samkomulag um að fara í sameiginlegar könnunarviðræður gagnvart ríki, sveitarfélögum og Reykjavíkurborg um skilgreind sameiginleg mál, enda telja félögin sig standa sterkar gagnvart viðsemjendum með því að setja fram sameiginlegar meginkröfur. Stofnuð var viðræðunefnd BHM þar sem formaður BHM, Guðlaug Kristjánsdóttir, er í forsvari. Samhliða þessum viðræðum hefur hvert og eitt félag rætt við viðsemjendur um sín sérmál. Samningsrétturinn liggur eftir sem áður hjá hverju einstöku félagi.

Eins og staðan er í dag þá þokast lítið í samkomulagsátt gagnvart samninganefnd ríkisins en ríkið er að bjóða ASÍ-samning með 2,8% hækkun launa. Viðræður BHM við samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og samninganefnd Reykjavíkurborgar eru á viðkvæmu stigi, en viðræðunefnd BHM hefur átt marga fundi með þessum aðilum. Samninganefnd KVH hefur átt þrjá fundi með Reykjavíkurborg, þegar þetta er skrifað, en einnig hafa tveir fundir verið haldnir með sveitarfélögum.

Í þessari viku var send út viðhorfskönnun til félagsmanna KVH sem starfa hjá ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélögum til að kanna viðhorf þeirra til mögulegar löglegra aðgerða sem grípa mætti til vegna yfirstandandi kjaraviðræðna. Önnur aðildarfélög BHM hafa gert hið sama og eitt þeirra hefur reyndar þegar samþykkt verkfallsaðgerðir í lok apríl n.k. ef ekki semst.

Eins og áður hefur komið fram þá er lokið fyrsta starfsári félagsins með eigin rekstur. Fullyrða má að vel hafi tekist til þar sem verkefni og áherslur í félagsstarfinu hafa verið skilvirkari og einbeittari. Það er von stjórnar að á skrifstofu KVH finni félagsmenn úrlausn sinna mála með skjótum og öruggum hætti.

Ljóst er að fjölmörg tækifæri eru til staðar næstu misserin að efla starfsemi KVH enn frekar til hagsbóta fyrir félagsmenn.

Reykjavík, 27. mars 2014

F.h. stjórnar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Birgir Guðjónsson formaður